

# Samfall á lunga

UPPLÝSINGARIT



# Samfall á lunga

## Ágæti skjólstæðingur


Með þessum bæklingi er ætlunin að gefa þér upplýsingar um hvað gerist þegar lunga fellur saman og oft er kallað loftbrjóst (pneumothorax).

Þrátt fyrir þessar upplýsingar getur ýmsum spurningum enn verið ósvarað og viljum við hvetja þig til að leita til hjúkrunarfræðinga og lækna deildarinnar ef svo er.

Með von um góðan bata,  
Starfsfólk á deild 11G

## Hvað er loftbrjóst eða samfall á lunga?

Til þess að gera sér grein fyrir hvað það er sem gerist þegar talað er um loftbrjóst eða samfall á lunga er gott að fá smá hugmynd um hvernig brjóstkassinn er uppbyggður. Lungun eru þakin himnu sem loðir við aðra himnu sem þekur brjóstvegginn og á milli þeirra er vökvi sem viðheldur þessari samloðun. Þessi samloðun gerir það að verkum að lungun haldast útþanin. Við getum ímyndað okkur þegar lofti er hleypt úr blöðru þá skreppur hún saman, en þegar við öndum frá okkur haldast lungun samt sem áður út þanin og er það vegna þess að þau loða við brjóstvegginn. Það getur orðið truflun á þessari samloðun sem veldur því að hluti lungans eða allt lungað fellur saman, þ.e. skilst frá brjóstveggnum. Oftast gerist þetta þegar loft kemst í bilið á milli lungans og brjóstveggjarins. Þá kemur fram það ástand sem kallað er loftbrjóst (pneumothorax) eins og sýnt er á mynd.



## Af hverju myndast loftbrjóst?

Nokkrar ástæður eru fyrir því að lungað fellur saman. Oftast gerist það þó skyndilega og er ástæðan þá gjarnan sú að litlar blöðrur hafa myndast á yfirborði lungans þær springa og gat kemur á lungað. Þá lekur loft frá lunganu inn í brjósthol og hluti lungans eða allt lungað fellur saman. Einnig getur þetta gerst við áverka utanfrá, eins og hnífsstungu, mikið högg, skotsár og hjá fólki með þekktan lungnasjúkdóm.

## Hver eru einkennin við loftbrjóst?

Algeng einkenni eru:

- Skyndilegur verkur í brjóstkassanum, jafnvel með leiðni upp í öxl.
- Verkurinn versnar oftast við djúpa innöndun og hósta (takverkur)
- Mæði
- Þurr hósti
- Andnauð

## Hver er meðferðin?

Ekki er alltaf þörf á meðferð, hjá sumum sjúklingum lagast þetta af sjálfu sér, og er þá fylgst með ástandinu með því að taka röntgenmynd af lungum.

Sé meðferðar þörf felst hún í því að þenja lungað út aftur og viðhalda samloðun himnunnar við brjóstvegginn. Er það gert með því að setja “dren” eða brjóstholskera inn í brjóstholið. Það er slanga sem komið er fyrir í bilinu á milli lungans og brjóstveggjarins. Sog er sett á slönguna og myndast þá neikvæður þrýstingur inni í brjóstholinu sem gerir það að verkum að lungað þenst út aftur.

Kerinn getur þurft að vera í nokkra daga eða á meðan gatið á lunganu er að gróa.

Stundum þarf að gera aðgerð á lunganu til að lagfæra lekann. Hafi þetta komið fyrir áður er aðgerðar oftast þörf.

Það geta fylgt því einhverjir verkir að hafa kerann, en þú getur að sjálfsgöðu fengið verkjalyf. Það er ekki óeðlilegt að vera með einhverja verki, sérstaklega við hreyfingu og við að gera öndunaræfingar.

## Hverslu lengi þarf ég að liggja á sjúkrahúsi?

Það getur verið misjafnt hve lengi gatið á lunganu er að gróa, það fer mikið eftir orsökum þess. Algengur legutími er 2-4 dagar eða eins lengi og kerinn þarf að vera í brjóstholinu. Þú þarft að sjálfsgöðu að vera inni á sjúkrahúsinu eins lengi og þú ert með kerann.

Sum sog sem kerar eru tengd við eru föst við vegginn, en önnur eru á hjólum og hægt að ferðast með þau með sér um deildina. Lungnamyndir eru teknar reglulega til að meta ástand lungnanna og þegar sýnt er að gatið á lunganu er gróið er óhætt að fjarlægja slönguna.

## Sár og sárameðferð

Smá gat er gert á húðina þar sem kerinn fer inn, og þegar hann er fjarlægður er gatið saumað saman með einum saum, sem er svo tekinn eftir u.þ.b. 6 daga. Umbúðir eru hafðar í kringum kerann og er skipt á þeim reglulega.

## Við heimferð

Útskrift er ákveðin í samráði við lækni, sem ráðleggur hvenær þú getur hafið vinnu eða skóla. Oftast þarf ekki að vera töf á því að geta tekið upp fyrri lífshætti. Hins vegar er eindregið mælt með því að fólk hætti reykingum og reyni að forðast loftmengað umhverfi. Fyrstu 7-10 dagana á eftir er rétt að forðast allt sem eykur þrýsting í brjóstholi svo sem að lyfta þungu og blása af krafti.

## Endurkoma

Áður en að útskrift kemur er þér gefinn tími í lungnamyndatöku gjarnan um einni viku frá útskrift. Eftir myndatökuna hittir þú lækni á deild 11-G og kemur hann til með að gefa þér frekari leiðbeiningar um framhaldið.

## Get ég fengið þetta aftur?

Um fjórðungur þeirra sem fá loftbrjóst í fyrsta sinn geta vænst þess að fá það endurtekið síðar. Þá aukast einnig líkur á að gera þurfi aðgerð til lagfæringar. Læknir metur það í hverju tilviki. Aðgerðin er gjarnan gerð með speglunartæki, en stundum þarf að gera viðameiri opnun á brjóstholi. Sé aðgerð ákveðin kemur þú til með að fá nánari upplýsingar hjá læknum og hjúkrunarfræðingum deildarinnar.

## Að lokum

Þér er velkomið að hafa samband við deildina ef eitthvað kemur upp á eftir heimferð.

Síminn á deildinni er:

**560-1340**

### **Höfundur texta**

Margrét Sigmundsdóttir hjúkrunarfræðingur

### **Yfirfarið**

Þórarinn Arnórsson læknir

Brynja Ingadóttir hjúkrunarfræðingur

Fræða- og rannsóknarsvið hjúkrunar



LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS  
HJARTA- OG LUNGNASKURÐEILD 11G